



Forsætisráðuneytið
hallgrimur.amundason@for.is
Sent inn á Samráðsgátt

Reykjavík, 5. febrúar 2019

Efni: Umsögn um áformaða lagasetningu um vandaða starfshætti í vísindum.

Áformuð lagasetning um vandaða starfshætti í vísindum er framfaraspor og tímabær. Mikilvægi vandaðra og skilvirkra starfshátta í vísindum er ótvírætt. Samtök iðnaðarins (SI) fagna mjög vinnu og stefnumótun í þessum mikilvæga málaflokki og styðja áherslu á slíka þætti í drögum sem birt voru 18. janúar 2019.

Vel ígrunduð stefna á þessu sviði er grundvallaratriði í samkeppnishæfu hagkerfi. Í því samhengi er mikilvægt að tryggja að niðurstöður vísindastarfs og rannsókna séu nýttar til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og að sterkt vísindasamfélag sé hluti af framtíðarsýn íslenskra stjórnvalda. SI fagna því að í drögum sé lögð áhersla á það markmið fjármálaáætlunar 2018-2022 að Ísland verði leiðandi á sviði rannsókna og þekkingar og að umhverfi rannsókna og nýsköpunar verði samkeppnishæft á alþjóðavettvangi. SI hvetja til þess að þessi markmið verði í hávegum höfð við setningu laga um vandaða starfshætti í vísindum. Í þessu samhengi má benda á eftirfarandi atriði er snýr að verklagi miðlægrar nefndar sem ætlað er að setja á laggirnar og þeim málum sem hún telur rétt að fjalla um og úrskurða um, sérstaklega m.t.t. rannsókna sem fara fram utan opinberra stofnana, t.d. hjá einkafyrirtækjum.

Í drögum er gert ráð fyrir því að hver sem er geti sent inn kvörtun til nefndarinnar. Brýnt er að við útfærslu slíks ákvæðis sé gætt að hagsmunum einkafyrirtækja með sínar eigin rannsóknir sem ekki hafa verið birtar í ritrýndum vísindaritum eða kynntar á ráðstefnum. Oft kjósa fyrirtæki að nýta niðurstöður sínar án þess að birta þær fyrst í ritrýndum vísindaritum. Mikilvægt er að fyrirtæki geti nýtt sér niðurstöður úr eigin rannsóknum í viðskiptum án þess að þurfa að skila inn til nefndar ítarlegum gögnum þar að lútandi sem snert gætu samkeppnisforskot eða höfundaréttarvörn fyrirtækisins. Hið sama á við þegar gert er ráð fyrir því að nefndin geti tekið mál fyrir að eigin frumkvæði.

SI leggja áherslu á að atvinnulífið hafi aðkomu að eftirfylgni stefnunnar en það er nauðsynlegt að líta til sjónarmiða atvinnulífs eigi meginmarkmið lagasetningarinnar um að skapa traust og tiltrú á rannsóknum og vísindum að ná fram að ganga.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads 'Sigríður Mogensen'.

Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri hugverkasviðs